

Alþingi
Erindi nr. P 128, 1280
komudagur 21.2.2003

Sendandi:
Kristján G. Jóakimsson
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.
21.02.03

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um atferlis- og eldisrannsóknir á þorski á Vestfjörðum, 52. mál.

Staðarkostir

Það er mitt álit að ef að af stórfelldum þorskeldi á að verða við Ísland mun það að stórum hluta byggja á sjókvíaeldi. Aðstæður í Ísafjarðardjúpi og víðar á Vestfjörðum með djúpum og skjólgóðum fjörðum er forsenda fyrir sjókvíaeldi með þeirri tækni sem þekkt er í dag. Umtalsverð vinna er fyrir höndum í að þróa þá sjókvíatækni sem hentar aðstæðum hér við Ísland liggja Vestfirðir til sem tilraunasvæði.

Samstarf fyrirtækja og stofnana

Aðilar á Vestfjörðum hafa útvíkkað sitt rannsóknasamstarf undanfarið sem felst í tilraunum í strandeldi á þorskseiðum sem sett verða síðan í sjókvíar til áframeldis þegar þau hafa þroska og getu til. Eftirfarandi aðilar koma að samstarfsverkefninu: Háfell hf. (fiskeldisfyrirtæki á Nauteyri v/Ísafjarðardjúpi), Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf, Hafró (útibú á Ísafirði), Tilraunastöð HÍ á Keldum og Stofnfiskur hf.

Ljóst er að til að um áframhaldandi markvisst rannsóknastarf verði að ræða myndi miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum verða þar mikilvægur hlekkur.

Miðstöð þorskeldisrannsókna

Miðstöð atferlis- og eldisrannsókna í þorski myndi ekki eingöngu þjóna fiskeldi heldur einnig atferli fisks (þorsks) við veiðar, veiðarfæri, kjörhæfni, skiljur o.fl. Atferlisrannsóknir á fiski í sjókvíaeldi sem og gagnvart veiðum og veiðarfærum fara að mörgu leiti saman og geta stutt hverjar aðra. Líklega er snertipunkturinn mestur í veiðum á lifandi fiski til áframeldis.